



Þingskjal nr. 1

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Í grein 5.2 verður þessi breyting:

Er: „Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar.“

Verður: Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglinga hins vegar.“

Í grein 5.2 verður einnig þessi breyting:

Er: „Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku.“

Verður: „Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku í fullorðinsflokki.

Greinargerð

Stjórn LH vill veita ungmönnum þá æfingu að ríða sínar sýningar ein inná keppnisvelli, þar sem þau eru í elsta flokki ungra keppenda og með þessu móti gefst þeim kostur á að undirbúa keppnisferil sinn í fullorðinsflokki sem og á alþjóðavísu.

Íslandsmótin eru mót af háum gæðastaðli á heimsvísu og með þessu móti er verið að gera ungu knapana og árangur þeirra, ennþá sýnilegri innan Íslandshestamennskunnar.



Þingskjal nr. 2

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Í grein 5.2 verður sú breyting að á eftir setningunni „Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar,“ bætist við setningin: „Bæði mótin skulu vera World Ranking mót (WR).“

Greinargerð

Stjórn LH vill að Íslandsmótin verði WR mót og verði sýnilegri innan Íslandshestamennskunnar og að árangur knapa telji inná heimslista FEIF.



Þingskjal nr. 3

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Þessi setning fellur út úr grein 5.2: „Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi.“

Í staðinn kemur: „Á Landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir Landsmót. Á Heimsmeistaramótsári verði mótin haldin sitt í hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal haldið aðra helgina í júlí og Íslandsmót barna og unglinga skal haldið þriðju helgina í júlí.“

Greinargerð

Með þessari tillögu kemur fasti í Íslandsmótin og umsækjendur mótanna vita að hverju þeir ganga. Með því að halda mótin saman minnkar álagið sem felst í því að sækja þessi mót ekki síst fyrir keppnisknapa sem eiga börn sem eru að keppa. Það er að bera í bakkafullan lækinn að knapar sem eru að keppa á Landsmóti og Íslandsmóti fari svo með börnin sín til keppni. Einungis þau félög sem geta haldið keppni á tveimur völlum geta sótt um þessi mót. Þau ár sem ekki eru Landsmót er auðveldara að halda mótin aðskilin. Minni félög geta því sótt um og haldið Íslandsmótin enda ekki krafa um tvo velli.

Með þessu er því verið að koma til móts við keppendur og fjölskyldur þeirra og einnig að gera minni félögum mögulegt að halda Íslandsmót.



Þingskjal nr. 4

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 1.4.1 Kosning stjórnar, í Lögum og reglum LH:

Sitjandi stjórn láta vita hvort fulltrúar gefi kost á sér til áframhaldandi setu 4 vikum fyrir þing.

Er: „*Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing LH.*“

Bæta við: Sitjandi stjórnarmenn skulu tilkynna hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa minnst 4 vikum fyrir landsþing LH.

Verður: „*Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuði fyrir landsþing LH. Sitjandi stjórnarmenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa minnst 4 vikum fyrir landsþing LH.*“

Greinargerð

Með þessari breytingu gefst áhugasömum aðilum sem vilja gefa kost á sér til stjórnarsetu í LH tími til umhugsunar og til að vega og meta stöðuna.



Þingskjal nr. 5

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 1.3 Formannafundur aðildarfélaga, í Lögum og reglum LH:

Grein 1.3.2 Hlutverk og seturéttur, breytist:

Er: „Formannafundur er ráðgefandi fyrir stjórn LH. Seturétt eiga eftirtaldir

- Stjórn og varastjórn LH
- Formenn allra aðildarfélaga LH
- Formenn starfsnefnda LH
- Formenn Gæðingadómarafélagsins og Íþróttadómarafélagsins

Skýlt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna aðildarfélaganna óskar þess skriflega.“

Verður: „Formannafundur er ráðgefandi fyrir stjórn LH. Seturétt eiga eftirtaldir

- Stjórn og varastjórn LH
- Formenn allra aðildarfélaga LH, ásamt gjaldkera og/eða framkvæmdarstjóra og formönnum æskulýðsnefnda. Hvert félag hefur þó aldrei meira en eitt atkvæði.
- Formenn starfsnefnda LH
- Formenn Gæðingadómarafélagsins og Íþróttadómarafélagsins

Skýlt er að boða til formannafundar ef helmingur formanna aðildarfélaganna óskar þess skriflega.“

Grein 1.3.3 Dagskrá formannafundar, breytist:

Er: „Formannafundir fjallar meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga
- Reikninga síðastliðins rekstrarárs
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.“

Verður: „Formannafundir fjallar meðal annars um:

- Málefni LH milli landsþinga



- Reikningar LH lagðir fram til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af skoðunarmönnum.
- 8 mánaða uppgjör reikninga ársins
- Endurskoðaða rekstraráætlun og rekstraráætlun næsta árs
- Skýrslur stjórnar og starfsnefnda

Á formannafundum má ekki gera breytingar á lögum LH né kjósa stjórn.“

Grein 1.2.4 Dagskrá landsþings, breytist:

Í 5. og 6. punkti er greinin svona:

„• Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af skoðunarmönnum. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.

• Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára.“

Verður:

„• Reikningar síðasta rekstrarárs lagðir fram til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af skoðunarmönnum. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 - 9 mánuði ársins, sem er að líða.

• Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til eins árs.“

Greinargerð

Stjórn LH vill nota það tækifæri þegar allir formenn koma saman, að fá að auki gjaldkera félaganna til fundarins, sem og fulltrúa æskulýðsnefnda félaganna. Þetta er vettvangur sem stjórnin telur að nýta megi betur til þess að hreyfingin vinni betur saman að stórum málum og að um leið skapist umræðugrundvöllur fyrir margar raddir innan félaga okkar.

Stjórn LH vill færa það vald til formannafundar að fundarmenn hans geti samþykkt reikninga sambandsins, svo hægt sé að afgreiða reikningana á hverju ári en ekki einungis á tveggja ára fresti á landsþingum og þá fyrir síðustu tvö rekstrarár í einu. Önnur sérsambönd innan ÍSÍ gera þetta á hverju ári og rétt þykir að halda fjármálum sambandsins í takt við nútímaaðferðir og áherslur.



Þingskjal nr. 6

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 1.2.4 Dagskrá landsþings, í Lögum og reglum LH:

Síðasta málsgrein greinarinnar er: „Skýrslu LH, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.“

Breytist í: „Skýrslu LH svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.“

Greinargerð

Stjórn LH leggur til að landsþingin í framtíðinni verði algjörlega pappírslaus og þess vegna verði það tekið úr lögum og reglum að fjölrita skuli skýrslu stjórnar. Með nútímatækni er þetta vel mögulegt, enda er öllum gögnum þingsins varpað upp á skjá á þingstað og að auki eru gögnin aðgengileg fulltrúum þingsins á vef LH, www.lhhestar.is með góðum fyrirvara þannig að auðvelt ætti að vera fyrir þingfulltrúa að kynna sér efni þeirra í tíma.



Þingskjal nr. 7

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að skráning á Íslandsmetum verði framkvæmd með sama hætti og gert er hjá alþjóðasamtökum íslenska hestsins, FEIF. Jafnframt verður haldið utan um eldri met og þau birt samhliða gildandi metum.

Greinargerð

Ekki hefur verið haldið nógu vel utan um skráningu eldri meta en samkvæmt ákvörðun alþjóðasamtaka íslenska hestsins, FEIF, hófst ný skráning á metum árið 2009. Þessi tillaga er gerð til að fylgja eftir þeirri ákvörðun. Áfram verður þó haldið utan um þann árangur sem hefur náðst í gegnum tíðina.



Þingskjal nr. 8

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Ályktun:

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að LH taki upp eftirfarandi umhverfisstefnu.

Landssamband hestamannafélaga (LH) telur nauðsynlegt að standa vörð um náttúru landsins jafnframt því að þjóðin vinni ótrauð að bættum lífskjörum sínum. Markmiðið er að hver kynslóð skili landinu og auðlindum þess í betra horfi til þeirrar næstu.

LH; leitast við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og fylgir lagalegum kröfum á sviði umhverfismála.

LH; leggur áherslu á að auðlindir landsins séu nýttar á sjálfbæran hátt í þágu landsmanna og komandi kynslóða til efnahagslegs og félagslegs ábata, án þess að ganga á höfuðstól auðlindanna.

LH; vill jafnframt stuðla að sjálfbærum vexti auðlinda svo sem kostur er með skynsamlegri nýtingu þeirra og leggur áherslu á uppgræðslu landsins þar sem tekið er tillit til fjölbreytileika í náttúru þess.

LH; beinir því til hestamanna að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála og stuðla að sjálfbærri þróun í starfi sínu.

LH; leggur áherslu á að hestamenn þekkji umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitast við að lágmarka þau áhrif. Til þess að ná stöðugt betri árangri á þessu sviði eru þýðingarmiklir umhverfispættir vaktaðir og markvisst unnið að umbótum.

LH; beinir því til hestamanna og annarra ferðamanna að sýna náttúru landsins virðingu og leitast við að valda sem minnstu raski í umhverfinu á ferðum sínum um landið.

LH; vill stuðla að góðri umgengni hestaferðamanna og vernd náttúru landsins, m.a. með samstarfi við umhverfis- og náttúruverndaraðila.

LH; leggur áherslu á að uppbygging skála á hálendi Íslands vegna öryggis og þjónustu við ferðamenn skuli vera einföld og umhverfisvæn.

LH; leggur áherslu á að uppbygging samgangna á hálendi Íslands vegna öryggis og þjónustu við ferðamenn skuli falla vel að landinu, vera einföld og umhverfisvæn.

LH; tekur tillit til umhverfismála í allri starfsemi félagsins og stuðlar þannig að betra umhverfi í náttúru Íslands.

LH; leggur áherslu á að starfsfólk og aðrir sem vinna fyrir LH, hafi hæfni og þekkingu til að framfylgja umhverfisstefnu samtakanna.

LH; kynnir stefnu sína í umhverfismálum opinberlega og gerir grein fyrir árangri félagsins í umhverfismálum og stuðlar þannig að opinni og málefnalegri umræðu.



Þingskjal nr. 9

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 6.5, Val hrossa og keppenda á Landsmót, í Lögum og reglum LH;

Er:

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í A og B flokki í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

Verður:

6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót. Úrtökur.

Úrtökur fyrir gæðingakeppni Landsmóts og fyrir keppendur í barna-, unglinga- og ungmennakeppni á landsmótum skulu einungis fara fram hverju félagi fyrir sig, eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna-unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skulu auglýstar með tveggja vikna fyrirvara. Ekki er heimilt að skrá hross í úrtöku fyrir landsmót hjá öðru félagi en viðkomandi keppandi er skráður í, nema um sameiginlega auglýsta úrtöku sé að ræða.

Haldi félög ekki úrtöku sjálfst en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður félagið að setja sig í samband við annað félag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í A og B flokki í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem kepptu á úrtökumótum hjá sínu félagi en komust ekki inn þar, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.



Greinagerð

Viðbótum við greinina er ætlað að gera skýrt að félögum er óheimilt að leyfa keppendum að keppa í úrtökum hjá öðrum hestamannafélögum, nema að um sameiginlegt áður auglýst mót sé að ræða. Að öðru leyti er verið að skýra reglur sem þegar eru í gildi.

Með orðalaginu að mót skuli fara fram hjá viðkomandi félagi, er átt við að félag heldur úrtöku á sínu félagssvæði. Greinina á þó ekki að skýra með þeim hætti að hún loki fyrir að félag geti auglýst úrtökumót sitt á félagssvæði annars félags í samráði við það, ef óvenjulegar aðstæður hamla því að mót verði haldið á viðkomandi félagssvæði, svo sem ef keppnisvöllur er ónothæfur eða önnur slík atvik hamla.



Þingskjal nr. 10

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 2.8.1, Auglýsingar móta, í Lögum og reglum LH;

Er:

2.8.1 Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst eins mánaðar fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara í fjölmiðli. Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þáttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þáttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en 5 dagar. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

Verður:

2.8.1 Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Úrtökur fyrir landsmót skal auglýsa með 14 daga fyrirvara.

Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara í fjölmiðli. Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þáttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þáttökutilkynningunni. Í auglýsingu innanhéraðsmóta skal koma fram hver frestur til að tilkynna þátttöku er og skal hann aldrei vera skemmri en 5 dagar.

Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

Greinagerð

Gert til áréttingar á þeim reglum sem nú þegar eru í gildi.



Þingskjal nr. 11

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 7.8.1, Sérstök forkeppni, í Lögum og reglum LH;

Er:

7.8.1 Sérstök forkeppni

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrír til fimm hestar eru í dómi á hringvellingum í einu. Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara. Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþátttakenda. Dregið skal um röð keppenda. Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn. Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

Verður:

7.8.1. Sérstök forkeppni

Bætist við í grein 7.8.1 þar sem við á í öllum flokkum:

- Knapi skráir upp á hvora hönd hann vill ríða sérstaka forkeppni.
- Hestamannafélögin taki það fram í sínum skráningum á Landsmót upp á hvora hönd hver knapi vill ríða.
- Komi varahestur inn skal hann sýna upp á sömu hönd og sá sem hann kemur í staðinn fyrir.
- Áður en skráning telst endanleg skal hún birt á netmiðlum til yfirlestrar og geta knapar þá komið að leiðréttingum, hafi þeir skráðst á ranga hönd. Eftir að þeim fresti lýkur er ekki unnt að skipta um hönd

Greinargerð

Það er í raun sanngirnismál að knapar geti skráð á hvora höndina þeir vilja sýna hesta sína í sérstakri forkeppni. Í milliriðlum geta menn jú riðið upp á þá hönd sem þeir kjósa og úrslit eru riðin upp á báðar hendur. Svo í raun skýtur þetta skökku við, við erum að leita að besta hestinum en ekki þeim hesti sem best er þjálfður upp á vinstri hönd. Þegar reglur um sérstaka forkeppni voru teknar upp átti tölvukerfið í vandræðum með að ráða við þetta en núna er þetta leikur einn að ráða hestum saman sem eru upp á sömu hönd.



Þingskjal nr. 12

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að Keppnisnefnd LH og Æskulýðsnefnd LH fari yfir og komi með form að áhugaverðri keppni/sýningum fyrir pollaflokka ásamt því að hestamannafélögin og mótshaldara verði duglegri að vera með greinar fyrir þennan aldurshóp.

Greinargerð

Tekið verði mið af reglum sem gilda hjá ÍSÍ og íþróttafélögum almennt. Sérstaklega verði skoðað með hvaða hætti þeim sé veitt viðurkenning og upplýsingar um sitt getustig. Samkvæmt gildandi reglum eru úrslit í pollaflokkunum. Dómarar eru í erfiðleikum með að gefa tölur og eða raða. Mótshaldarar eru með mjög misvísandi leiðbeiningar um hvernig þessi flokkur skuli haldinn. Við teljum aðkomu Æskulýsnefndar LH vera mjög mikilvæga og að það sem út úr þessari vinnu kemur verði kynnt fyrir félögunum fyrir næsta keppnistímabil og prufað í framhaldinu og komi fullmótað og reynt fyrir næsta landsþing LH.



Þingskjal nr. 13

Flytjandi: GDLH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að C-flokkur gæðinga verði ný lögleg keppnisgrein. Sjá neðan 7.5.2.3. og 7.6.2.4.

C – Flokkur

Knapi og hestur sem keppir í C- flokki, getur ekki keppt líka í A og B flokk á sama móti

7.5.2.3 C - flokkur gæðinga

Hringvöllur : Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet , tölt og/eða brokk, og stökk.

Sýni keppandi bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

Einkunnir skulu gefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala þ.e. lægsta tala í einkunnargjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:

C- flokkur

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5 – 10	1
2. Brokk og/ eða tölt 5 - 10		1
3. Stökk	5 – 10	1
4. Vilji	5 - 10	1
5. Fegurð í reið	5 - 10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómara að dæma, en 25 séu fimm dómara að dæma.

Viðbót í kafla 7.6 Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar.

7.6.2.4 Úrslit C - flokkur

Sýna skal fet allt að einum hring upp á hvora hönd.

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar.

Knapi þarf að velja hvort hann sýni tölt eða brokk í úrslitum, hann getur ekki sýnt bæði.

Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu.

Stökk Keppendur safnist saman á skammhlið / eða enda brautar ef notuð er bein braut og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina skal ríða.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fegurð í reið.



Greinargerð

Með tilkomu C-flokks telur GDLH sig vera að mæta þeim óskum sem uppi eru um léttara keppnisfyrirkomulag í gæðingakeppni og þannig koma til móts við minna keppnisvana knapa. Óskir um þetta keppnisfyrirkomulag koma að stórum hluta frá Evrópu þar sem keppnisknapar ráða ekki við það að sýna heilsteyppt prógram í A- eða B-flokki. Gæðingakeppnin fer fram skv. lögum og reglum L.H. GDLH setur því áherslu á að C-flokkur verði samþykktur í lögum og reglum LH.

Það er því ljóst að með því að samþykkja C-flokk sem keppnisgrein á hringvelli auðveldar það aðkomu minna keppnisvana knapa að því skemmtilega keppnisfyrirkomulagi sem gæðingakeppnin er. Vonandi öðlast svo þeir knapar, sem byrja að keppa í C-flokk, færni á sínum hesti til að taka þátt í A- eða B-flokki.

Staðan undanfarin ár hefur verið sú að t.d. í Danmörku og Þýskalandi hafa verið haldi svipuð mót, þ.e.a.s. þrígangsmót í gæðingakeppni, og hafa löndin oft á tíðum búið til sínar eigin reglur. Með C – flokknum er kominn rammi sem mótshaldarar geta farið eftir og boðið uppá.

Margar tillögur hafa komið fram um framkvæmd og fyrirkomulag, t.d. sleppa feti, sleppa stökki, sleppa brokki, sleppa fegurð í reið og vilja, dæma ásetu og stjórnun og svo framvegis, er það okkar niðurstaða að þetta sé besta formið og gefi sem flestum knöpum og flestum hestgerðum tækifæri að taka þátt í þessari skemmtilegu keppni.

Einnig er það mikill áhugi hjá okkur að lögleiða þessa keppni á beinni braut, þar sem mikil vöntun er á hringvöllum í Evrópu, en ef að það eitt er að tefja að þessi tillaga komist inn í lög og reglur þá viljum við sleppa því að sinni.

Frá Svíþjóð

“Síðustu ár hefur gæðingakeppnin verið á mikilli uppleið í Svíþjóð. Haldin eru milli 15-20 mót ár hvert og yfirleitt eru þau með 40-80 keppendur hvert. Í sumar var vel heppnað SM í gæðingakeppni og búumst við að það verði enn meiri aukning á mótum næstu ár. C flokkurinn hefur haft góð áhrif hérna í Svíþjóð. Við höfum valið að keppa í honum með sama formi og barnaflokkur er riðinn fyrir utan að við leyfum ekki þísk. Í úrslitum höfum við sýnt fet, brokk eða tölt og stökk. Fegurð í reið og vilji hafa einnig verið inni í þessu. Ástæða fyrir vinsældum C flokks er sú að í Svíþjóð er ekki hefð fyrir gæðingakeppni og hefur því hinn almenni hestamaður fá tækifæri að æfa sig í að keppa í gæðingakeppni. Fyrst og fremst að læra að sýna brokk og stökk á öðrum hraða en er í sporti, og einnig að þurfa ekki að mæta topphestunum og toppknöpunum strax. Oft hefur komið í ljós að viðkomandi hefur haft frambærilegan hest í B flokk eða A flokk og skráir sig svo þar í næstu keppni. Þetta er því frábær flokkur til að markaðssetja keppnina. Skapar markað fyrir annarri týpu af hestum en passar í sport, það er almenna útreiðarhestinum sem hefur góðan vilja. Einnig hefur þetta góð áhrif á reiðkennslu og sérstaklega að kynna íslenska reiðmennsku. Okkur finnst mikilvægt að þessi flokkur verði því tekinn inn í gæðingakeppnina formlega og reglurnar verði sömu allstaðar og skýrar”.

Fyrir hönd Tävlingsektion Gæðinga Sif.Svíþjóð

Illugi G. Pálsson Gæðingadómari búsettur í Svíþjóð

Frá Danmörk

“Í Danmörku er C-flokkurinn nauðsynlegur til að auka áhugann á gæðingakeppni. Margir knapar hefa ekki kjark til þess að byrja í A eða B-flokki, og oft vantar aðeins upp á gangtegundir til þess að keppa í öðrum flokkum.”

Bestu kveðjur frá Danmörku, Line Kaae Hansen



Þingskjal nr. 14

Flytjandi: HÍDÍ

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að setja þurfi nákvæmari reglur um það í hvaða flokkum á að keppa í á Íslandsmótum. HÍDÍ mælist til að ekki sé verið að keppa í léttari flokkum á Íslandsmótum þar sem margir eru inná í einu. Þetta gildir bæði fyrir Íslandsmót eldri flokka og yngri.

Greinargerð

Þær reglur sem eru til í dag um Íslandsmót í lögum og reglum LH eru ekki fullnægjandi.



Þingskjal nr. 15

Flytjandi: HÍDÍ

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, lýsir yfir ánægju sinni að stjórn LH hefur gefið út stuttar leiðbeiningar um hlutverk mótshaldara og þula.

Samþykkt er að útbúnir verði fleiri svipaðir bæklingar.

Þarna mætti setja almennar verklagsreglur sem eru ekki skrifaðar í reglum.

Dæmi:

- Dagskrágerð miðað við fjöldi skráninga og áætlaðan tíma miðað við keppnisgrein
- Verklagsreglur fótaskoðunarmanna
- Hvíldartími starfsmanna
- Keppnisflokkar og geta keppanda (t.d. t1 fyrir vana, t8 fyrir óvana),
- Fjöldi skráninga vs fjöldi dómara

Greinagerð

Svo mótanefndir geti haldið mót á sem skipulegastan máta.



Þingskjal nr. 16

Flytjandi: HÍDÍ

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að gengið verði frá lagagerð fyrir lög sem voru samþykkt á landsþingi LH árið 2012.

Greinagerð

http://www.lhhestar.is/static/files/Landsting/2012/Afgreidsla_tillagna.pdf

Þingskjal nr. 40

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Niðurstaða þingsins: samþykkt

Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að settar verði reglur um eftirfarandi:

Kafli 8.3.3 Dómarar

Setja þarf reglur um fjölda dómara miðað við fjölda skráninga á WR mótum.

Greinargerð:

Það er í hag keppenda að hafa ferska og einbeitta dómara að störfum allan tímann. Til dæmis ef mót er yfir 300 skráningar þá þarf að lágmarki 7 dómara.



Þingskjal nr. 17

Flytjandi: Járningamannafélag Íslands

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 15. og 16. október 2016, leggur til að reglur skuli settar um framkvæmd fótaskoðunar á mótum sem fara fram á vegum LH og að Járningamannafélagi Íslands sé falið að vinna að gerð samræmdra starfsreglna fyrir fótaskoðunarmenn.

Greinargerð

Nauðsynlegt er að koma á samræmdum starfsreglum fyrir fótaskoðunarmenn til þess að allir hestar verði metnir út frá sömu forsendum á öllum mótum innan LH. Samhliða þessum starfsreglum yrðu fótaskoðunarmenn menntaðir til starfa á þessum mótum og munu þá starfa undir stjórn yfirdómara samhliða dómurum mótsins. Í lögum LH stendur m.a. að járningar keppnishrossa skuli vera af bestu mögulegum gæðum (Lög og reglur LH, 2.2.1.3. og 8.1.3.1). Til að fylgja þessum reglum eftir þurfa þeir sem framkvæma fótaskoðun að búa yfir vissri grunnþekkingu hvað varðar járningar og hófhirðu. Skilgreina þarf hæfniskröfur sem gera skal til fótaskoðunarmanna og í framhaldi skipuleggja og standa fyrir námskeiðum fyrir verðandi fótaskoðunarmenn.

Tekið skal fram að þetta þarf ekki að auka kostnað vegna mótahalds, hestamannafélög gætu sent menn á námskeið fyrir fótaskoðunarmenn eða jafnvel staðið fyrir námskeiðum í samstarf við JÍ og haft fótaskoðunarmenn á sínum snærum sem væru tilbúnir að vinna á mótum á félagslegum grunni eins og tíðkast hefur hingað til.



Þingskjal nr. 18

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 beinir því til stjórnar LH að fundin verði leið til þess að þeir ferðaþjónustaaðilar sem noti reiðvegi á í sínum atvinnurekstri komi að viðhaldi og uppbyggingu þeirra.

Greinargerð

Mjög mikill vöxtur hefur orðið í hestatengdri ferðaþjónustu og er útlit fyrir áframhaldandi vöxt í þeirri grein. Reiðvegir eru viðkvæmir í eðli sínu og þar sem hestamannafélög, ríki og sveitarfélög hafa lagt ómælda vinnu og fé í uppbyggingu og viðhaldi reiðvega í gegnum tíðina er sanngirnismál að þeir sem nota þá sem „atvinnutæki“ komi að viðhaldi þeirra.



Þingskjal nr. 19

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að á Íslandsmótum barna, unglunga og ungmenna verði hringvallagreinarnar með einum keppanda í braut í einu þ.e. keppt í F1, T1, V1 og T2. Einnig þurfa mótin að vera World Ranking eins og fullorðnismótið svo knapar geti fengið árangur sinn skráðan á World Ranking stöðulistann.

Greinargerð

Á Íslandsmótum í hestaíþróttum á að keppa á hæsta mögulega stigi reiðmennsku og þar sem það reynir meira á reiðmennsku og útfærslu knapa þegar hann er einn í braut er nauðsynlegt að hafa keppnisfyrirkomulagið þannig. Einnig er þetta góður undirbúningur fyrir stærri mót s.s. Norðurlanda- og heimsmeistaramót.



Þingskjal nr. 20

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að boðið verði upp á T7 í barna- unglinga og ungmennaflokkum á Íslandsmótum.

Greinargerð

Vegna síaukinna vinsælda þessarar greinar er talið rétt að mótshaldarar Íslandsmóta bjóði upp á þessa keppnisgrein í öllum flokkum.



Þingskjal nr. 21

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi, dagana 14. og 15. okt. 2016 beinir því til stjórnar LH að beita sér fyrir því að hvetja alla mótshaldara að til að nýta sér kaflana um Pollatölt (8.8.3.) og Þrígang (8.8.4.) í Lögum og reglum LH og bjóði upp á þessar greinar á mótum sínum.

Greinargerð

Mikil óánægja hefur verið með að ekki hafi verið boðið upp á flokka fyrir börn yngri en 10 ára. Í Lögum og reglum LH segir í kafla 8.8.3. um Pollatölt m.a. að öll börn 9 ára á árinu og yngri hafi þátttökurétt. Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þátttöku. Það sama gildir um Pollaþrígang í kafla 8.8.4.

Síðastliðið sumar buðu örfá félög upp á þennan flokk, t.d. Suðurlandsmót sem haldið var nú í ágúst. Töluverð þátttaka náðist og var mjög gaman að horfa á hversu vel krakkarnir náðu að stjórna sínum hestum og er grátlegt til þess að vita að fullfærir krakkar hafi ekki grundvöll til að keppa. Hætta er á að þessir krakkar tapi áhuga á hestamennsku og leiti í aðrar íþróttagreinar.

Á téðu Suðurlandsmóti þá fengu krakkarnir einkunn frá dómurum, alveg eins og í öðrum flokkum, heildareinkunn var lesin upp og börnin beðin að geyma hjá sér og muna einkunina, vegna þess að á næsta móti væri takmarkið að bæta þá einkunn. Ekki var pollunum raðað í sæti og öll fengu þátttökuverðlaun. Um þetta snýst málið. Það sem ÍSÍ hefur farið fram á er að börn yngri en 10 ára keppi ekki til verðlaunasæta, en hins vegar þá er ofangreint heimilt fyrir polla.



Þingskjal nr. 22

Flytjandi: Geysir, Sindri, Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi, dagana 14. og 15. okt. 2016 samþykkir að fella út setningu í reglu 4.2 um styrkleikaskiptingu opins flokks sem hljóðar svo "Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti. "

Greinargerð

Knappar hafa stundum marga hesta undir höndum, bæði vana keppnishesta og svo aðra sem eru að byrja sinn keppnisferil. Ekki er sanngjarnt að þessir hestar keppi í sama styrkleikaflokki.



Þingskjal nr. 23

Flytjandi: Geysir, Sindri, Smári, Trausti, Háfeti, Sleipnir

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að styrkleikaflokkar fullorðna í íþróttakeppni verði sambærilegir við það sem miðað er við á erlendri grund og skiptist í eftirfarandi:

Sport A, keppnisgreinar T1,T2,V1,F1,P1(250m),P3(150m),PP1(gæðingskeið),P2(100m)

Sport B, keppnisgreinar T3,T4,V2,F2,P1(250m),P3(150m),PP1(gæðingskeið),P2(100m)

Sport C, keppnisgreinar T3,T4,V2,F2,PP2(gæðingskeið),P2(100m)

Sport D, keppnisgreinar T3,T4,T5,T6,T7,T8,V2,V3,V4,V5,V6,F2,PP2(gæðingskeið),P2(100m)

Parið (knap og hestur) hækkar upp um styrkleikaflokk nái það lágmarks einkunn styrkleikaflokksins þrisvar sinnum og ber honum þá skylda að keppa í viðkomandi styrkleikaflokki í viðkomandi grein.

Leyfilegt er að keppa uppfyrir sig velji menn það. Öllum er leyfilegt að byrja í þeim flokki sem þeir kjósa.

Greinargerð

Með þessu fyrirkomulagi eru knapar og hross með svipaðan árangur að keppa innbyggðis óháð því hvort knapar hafi atvinnu af hestamennsku eða ekki. Þetta opnar einnig fyrir knapann að byrja með nýjan hest í léttari styrkleika til að sjá hvernig hestinum gengur í sinni fyrstu keppni. En einnig með því að hafa fyrirkomulagið sambærilegt við keppni á erlendri grund getur það gefið betri mynd af árangri hestsins og hjálpað til við sölu erlendis þegar kaupandi sem keppir í sport B í sínu heimalandi getur séð hvað hestur hefur náð í sport B hér á landi.

Lágmarkseinkunnir

sport A tölt 7,10, fjórgangur 7,00, fimmgangur 6,70, slaktaumur 6,70

sport B tölt 6,70, fjórgangur 6,60, fimmgangur 6,30, slaktaumur 6,30

sport C tölt 6,30, fjórgangur 6,20, fimmgangur 5,90, slaktaumur 5,90

sport D engin lágmark



Þingskjal nr. 24

Flytjandi: Geysir, Sindri, Smári, Trausti, Háfeti, Sleipnir

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að skerpa þurfi á að hestamannafélög fari eftir lögum um félagaskipti og keppnisrétt sem stendur í kafla 3 í lögum LH. sérstaklega í grein 3.1. Ásamt því að breyta grein 3.3 í heild sinni í eftirfarandi:

3.3 félagaskipti

Félagaskipti fara fram hjá hestamannafélögum sjálfum og fara þar eftir samþykktum reglum hvers hestamannafélags um félagaskipti.

3.3.1. keppni og keppnisréttur

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Keppnisrétt öðlast nýr félagi sem fyrr greinir í grein 3.1 eftir einn mánuð, með því skilyrði þó að hann sé skuldlaus við sitt eldra félag.

(fella úr í 3.4 allar vísanir í kafla 3.)

hér er kaflinn eins og hann er í dag.

3 Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar

3.1 Um keppni

Keppni í hestaíþróttum, gæðingakeppni og kappreiðum skal fara fram skv. lögum og reglugerðum LH og ÍSÍ svo og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt. Keppnistímabilið er almanaksárið. Keppnistímabil í reglum þessum þýðir hvert byrjað keppnistímabil þar sem það á við. Aðeins félagsmönnum hestamannafélaga er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn er þeir hafa verið einn mánuð á félagaskrá hlutaðeigandi hestamannafélags.

3.2 Keppendur og útbúnaður þeirra

Keppandi skal vera þrúður og háttvís, snyrtilega búinn, t.d. í félagsbúningi þess hestamannafélags sem hann keppir fyrir. Honum er skylt að sýna tillitssemi við hestinn og þrúðmannlega framkomu gagnvart öðrum keppendum, starfsmönnum svo og gestum mótsins. Öllum keppendum er skylt að nota áspennantan, viðurkenndan reiðhjál. Ef reiðhjálmur dettur af keppanda í keppni verður sýning hans ógild.

3.3 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á eftirfarandi hátt:

3.3.1 Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði, sem LH gefur út, og kallast félagaskiptaeyðublað. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi keppanda, félagi því sem gengið er úr og félagi því sem gengið er í. LH staðfestir félagaskiptin og öðlast viðkomandi keppandi þar með keppnisrétt með hinu nýja félagi í fyllingu tímans. LH er ekki heimilt að staðfesta félagaskipti fyrr en undirskrift keppanda og viðkomandi félaga liggur fyrir.

3.3.2 Heimild til undirritunar félagaskipta

Heimild til að undirrita félagaskiptaeyðublað hafa:

- Formenn félaga eða staðgenglar þeirra.
- Formaður LH eða staðgengill hans.
- Viðkomandi keppandi, eða aðili með skriflegt umboð hans.

3.3.3 Keppandi og keppni

Keppandi getur aðeins tekið þátt í íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili. Sjá þó greinar 3.3.4. og 3.4.

LH lög og reglur / 2016 – 1

Bls. 32 af 118

3.3.4 Heimild til félagaskipta

Heimilt er að skipta um félag á tímabilinu 1. janúar til febrúarloka ár hvert. Hafi keppandi ekki tekið þátt í móti s.l. tvö keppnistímabil, gilda þessi tímamörk ekki. Keppandi sem flytur lögheimili og dvalarstað sinn milli héraða innan keppnistímabilsins og gengur í félag á nýjum dvalarstað, hefur rétt á að keppa fyrir hið nýja félag sitt, þótt hann hafi áður á sama keppnistímabili keppt fyrir annað félag



Í sínum fyrri heimkynnum. Félagaskipti skulu fara eftir reglum um félagaskipti.

Heimilt er að draga félagaskipti til baka, hafi keppandi ekki tekið þátt í íþróttamóti með sínu nýja félagi á keppnistímabilinu, og öðlast hann þá keppnisheimild með sínu gamla félagi strax og hann hefur sannanlega lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi til LH.

Óski keppandi félagaskipta skal hann greiða LH gjald, sem nemur kr. 2.500,- og greiðist við samþykki LH. LH er óheimilt að staðfesta félagaskipti nema gjald þetta sé greitt.

Félagi er óheimilt að synja keppanda um félagaskipti, sé hann skuldlaus við félagið.

LH skal tilkynna öllum félögum um félagaskipti keppenda eigi síðar en 7 dögum eftir að LH hefur staðfest félagaskiptin.

3.4 Erlendir ríkisborgarar

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ, öðrum en millilandakeppni, að uppfylltu eftirfarandi skilyrði:

Keppandi sé löglegur félagi í hestamannafélagi og uppfylli ákvæði um keppnisrétt sbr. 3.1.

Um félagsskipti erlendra ríkisborgara gilda reglur greinar 3.3.

Erlendur ríkisborgari getur aldrei verið titlaður Íslandsmeistari, þótt hann sigri grein á Íslandsmóti og skal þá Íslandsmeistari krýndur sá íslenskur ríkisborgari sem er í næsta sæti við erlenda ríkisborgarann.

3.5 Viðurlög

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum 3.3. og 3.4. greinar er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna. Þá skal refsa keppanda og mótshaldara.

3.6 Um breytingar

Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaga í síðasta lagi í mars ár hvert. Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.

Greinargerð

aðeins hefur borið á því að félög hafi ekki farið eftir 1 grein í þessum kafla, sennilega ekki viljandi heldur vankunnáttu um þessi atriði í lögum LH. kafli 3.3 þarf að endurnýja þar sem allt er gert hjá hverju félagi fyrir sig og sennilega hefur þessu ekki verið fylgt eftir í fjölda mörg ár.



Þingskjal nr. 25

Flytjandi: Léttir

Lagt fyrir: _____

Tillaga

Landsþing Landssambands hestamannafélaga (LH) haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að Landssamband hestamannafélaga (LH) hættir frá og með áramótunum 2016-2017 að innheimta gjald af hestamannfélögunum fyrir hvern skráðan félagsmann.

Greinargerð

Þar sem núverandi stjórn LH hefur markað þá stefnu að skattleggja þau Landsmót og þá aðila sem halda landsmót hestamanna með allt að 15 milljón króna skatti samanber samninga og kröfur stjórnar LH vegna LM 2018-2020- 2022 teljum við Léttismenn að hér sé um tvísköttun á félaga hestamanna-félaganna í landinu að ræða og leggjum því til að þessi innheimta gjalda af hestamannfélögum fyrir hvern skráðan félagsmann verði aflögð.

LH er eitt fárra sérsambanda innan ÍSÍ sem hefur innheimt þennan svokallaða félagaskatt og með nýrri skattheimtu landsmóta hestamanna sem stjórn LH hefur sett á án allrar umræðu eða samtala við hestaheiminn í landinu, teljum við að ekki sé boðlegt af stjórn LH að halda áfram að innheimta þessi gjöld af félagsmönnum hestamannafélagana í landinu.



Þingskjal nr. 26

Flytjandi: Léttir, Grani, Funi, Þráinn

Lagt fyrir: _____

Tillaga

Landsþing Landssambands hestamannafélaga (LH) haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að endurskoðuð verði ákvörðun meirihluta stjórnar LH um staðarval landsmóta hestamanna 2020 og 2022 og hafi þar hag og hagsmuni heildarsamtaka hestamanna að leiðarljósi. Að öðrum kosti er mikil hætt á að samtök hestamanna klofni.

Greinargerð

Undirrituð hestamannafélög á landsbyggðinni lýsa yfir furðu sinni á vali meirihluta stjórnar LH á staðarvali þriggja næstu landsmóta samtakanna. Þar verða fyrir valinu þrír staðir sem allir tilheyra suður- og suðvesturhorni landsins. Í engu er horft til þeirra samþykktu þinga LH þar sem kveðið er á um dreifingu landsmóta og óljóst virðist vera hver stefna stjórnar LH er í raun og veru varðandi staðarval þessara móta.

Þing LH hafa ítrekað talað fyrir dreifingu landsmóta og hér fer meirihluti stjórnar LH gegn áðurnefndum samþykktum. Eru þessar ákvarðanir mjög sérkennilegar þegar horft er til þess að félög á landsbyggðinni sem eru mjög vel í stakk búin til að taka að sér slík mót sóttust eftir að halda landsmót 2020 og/eða 2022.

Kallar þessi ákvörðun eftir skýrri yfirlýsingu þings LH hver sé í raun stefna samtakanna.



Þingskjal nr. 27

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 beinir því til stjórnar LH að fara alltaf í störfum sínum eftir lögum LH.

Greinagerð

Tilfni þessarar tillögu er að tilkynning barst frá skrifstofu LH, dags. 08.06. 2016, varðandi breytingu á reglum varðandi sérstaka forkeppni á Landsmóti 2016. Skv. tilkynningunni var tekin ákvörðun um að sérstök forkeppni skuli fara „fram upp á þá hönd sem knapar kjósa“, en skv. reglum LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum um sérstaka forkeppni, nr. 7.8.1, segir skýrt að riðið skuli upp á vinstri hönd í öllum flokkum.

Ótækt er að stjórn LH breyti upp á sitt eindæmi löglega samþykktum reglum nema hún hafi skýra heimild til þess og skiptir þá engu hvaða skoðun einstaka stjórnarmenn kunna að hafa á þeim.



Þingskjal nr. 28

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssamband hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að LH stofni Íslandsmót í hestaíþróttum áhugamanna og það mót verði sett í sama ferli og Íslandsmót í hestaíþróttum og Íslandsmót í hestaíþróttum yngri flokka.

Greinagerð

Ýmiskonar áhugamannamót eru í mikilli sókn á Íslandi og þar er að eiga sér stað mikil nýliðun, sem er það sem hestamennskan þarf mjög á að halda. Íslandsmótin yrðu þá yfir sumartímann og myndu höfða til allra knapa á Íslandi sem hefðu áhuga á keppni. Gengið er út frá því að ekki verði krafist einkunnalágmarka til að taka þátt í Íslandsmóti í hestaíþróttum áhugamanna.



Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssamband hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að farið verði yfir þær tillögur sem samþykktar eru á hverju Landsþing LH á næsta formannafundi sem haldinn er þar á eftir og þar gerð grein fyrir stöðu þeirra mála er tillögurnar varða.

Greinagerð

Með tillögu þessari er leitast við að hafa meiri eftirfylgni varðandi samþykktar tillögur en hingað til.



Þingskjal nr. 30

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að fela stjórn LH að gera eftirfarandi breytingu í flokkaskiptingu í íþróttakeppni og bæta við 3. flokki fyrir byrjendur og minna keppnisvana.

Greinagerð

Þar sem áhugi hefur aukist mikið fyrir keppni áhugamanna teljum við mjög mikilvægt að skerpa á og greina betur flokka sem keppt er í miðað við reynslu og getustig. Það er of oft áberandi að keppendur með þó nokkra keppnisreynslu og góðan árangur sitji fast í sinni byrjanda grein. Við teljum að með aðlögun fáum við nýja iðkendur í keppni og í hestamenskuna og með því að bjóða upp á frekari flokkaskiptingu og léttu flokka aukum við áhugann fyrir mótunum. Léttar greinar eins og *T7 og *V5 eiga jafnt heima í 3. flokki sem og 2. flokki eins og þær voru upphaflega hugsaðar fyrir nýtt par í keppni.

Máli okkar til stuðnings má benda á hið vinsæla kvennatölt Sprettis þar sem boðið hefur verið upp á byrjenda grein, 3. flokk sem mælst hefur mjög vel fyrir og margar konur stígið sín fyrstu skref í keppni. Við leggjum til að bætt verði við 3. flokki ætluðum byrjendum með léttari greinum. Hér að neðan eru tillögur að reglum fyrir mótshaldara, sem þar með gætu komið til móts við stærri hóp áhugasamra keppenda.

- 3. flokkur (byrjendur og minna keppnisvanir áhugamenn)
 - Tillaga að keppnisgreinum sem boðið væri upp á *T7, *V5
 - Þar sem keppt hefur í T3 og V2 getur ekki tekið þátt í T7 og V5.
 - Þegar knapi hefur 3 sinnum komist í A-úrslit telst hann ekki lengur sem byrjandi eða minna keppnisvanur og keppir á næsta móti í 2. flokki
- 2. flokkur (meira keppnisvanir áhugamenn)
 - Keppnisgreinar sem boðið væri upp á *T7, *V5 auk hefðbundinna greina.
 - Þar sem keppt hefur í T3 og V2 getur ekki tekið þátt í T7 og V5

*T7 – Hægt tölt, snúið við frjáls ferð (allt að 3 knapar inni á vellinum í einu og riðið eftir þul)

*T3 – Hægt tölt, snúið við hraðabreytingar og greitt tölt (allt að 3 knapar inni á vellinum í einu og riðið eftir þul)

*V5 – Frjáls ferð á tölti, brokk, fet og stökk (allt að 3 knapar inni á vellinum í einu og riðið eftir þul)

*V2 – Hægt tölt, brokk, fet, stökk og greitt tölt (allt að 3 knapar inni á vellinum í einu og riðið eftir þul)



Þingskjal nr. 31

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að stjórn LH óski eftir því við dómarafélögin, GDLH og HÍDÍ, að þau endurskoði og uppfæri siðareglur dómara með tilliti til notkun snjallsíma og annarra slíkra tækja til einkanota á meðan dómari er að störfum.

Greinagerð

Á meðan að dómari er að störfum á athygli hans að beinast að þeim keppendum sem eru í dóm/braut en ekki notkunar á snjallsíma eða annarra slíkra tækja. Slíkt athæfi er bæði vanvirðing við knapa og einnig við starf dómara. Núverandi siðareglur ná ekki með skýrum hætti yfir slík tilvik og er því þörf á endurskoðun.



Þingskjal nr. 32

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að dómarafélögin verði hvött til þess að auka bæði menntun og fræðslu innan sinna félaga.

Greinagerð

Aukin menntun og aukin fræðsla dómara skilar sér í enn betri dómgæslu.



Þingskjal nr. 33

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að fela stjórn LH að gefa út hvað til þarf til þess að keppnissvæði uppfylli kröfur um mótahald á vegum Landsambands Hestamanna.

Greinagerð

Landsamband Hestamanna og Landsmót ehf standa fyrir Íslandsmótum og Landsmótum ásamt minni viðburðum eins og „allra sterkustu“ og úrtöku fyrir HM í hestaíþróttum. Gott væri fyrir þá sem hafa áhuga á að halda þessa viðburði að til væri á hjá LH leiðbeiningar um hvað þarf til, til þess að halda slíka viðburði. Ef td. boðinn er fram landsmótsstaður hversu mörg hesthúspláss þurfa að vera á mótsstað, hversu mörg tjaldsstæði, hvers konar vallaraðstæður, og hvers konar vallargerðir, og svo famvegis. Ef til væri lýsing á því hvers konar kröfur yrðu gerðar til leikvanga í hestaíþróttum þá yrði það mun einfaldara fyrir hestamannafélög að sækja fjármuni til ríkis og sveitafélaga til uppbyggingar slíkra mannvirkja.

Skipting gæti orðið eitthvað á þessa leið:

- Landsmótsleikvangur (sbr. Landsleikja leikvangur í fótbolta)
- Íslandsmótsleikvangur (sbr. Meistaraflokksleikvangur í fótbolta)
- Félagsleikvangur (sbr. Leikvangur yngriflokka í fótbolta)

Myndi þetta styrkja hestamannafélög á hverju svæði fyrir sig til þess að hvetja sitt sveitafélag til þess að státa sig af því að eiga landsmótsleikvang inna sinna sveitafélagamarka.



Þingskjal nr. 34

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að breyta orðalagi í lögum LH grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti. Þar stendur í dag að „Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hinsvegar.“ Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau í sitt hvoru lagi.“

Orðalagið breytist þannig: „Ársþing LH ákveður við kosningu um staðsetningu Íslandsmóta hvort Íslandsmót fullorðinna og Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna verði haldin saman og á sama tíma.“

Greinagerð

Fordæmi eru fyrir því að Íslandsmótin hafi verið haldin saman og á sama tíma. Þau mót hafa tekist mjög vel og ljóst að aukinn áhugi er frá hestamannafélögum landsins að halda sameiginlegt mót. Það er öllum kunnugt sem haldið hafa Íslandsmót að þessi mót eru mjög kostnaðarsöm en tekjur, sem eru í formi skráningagjalda, nægja naumlega fyrir dómarakostnaði. Ekki hefur verið rukkaður aðgangseyri á mótin. Öðrum kostnaði við mótin er mætt með styrkjum og sjálfboðavinnu. Það er mun einfaldara fyrir mótshaldara að halda mótin saman þar sem auðveldara er að fá styrktaraðila fyrir stærri viðburði.



Þingskjal nr. 35

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að LH hafi forgöngu um að láta hanna og framleiða sérstakt öryggistákn eða öryggismerkingu sem fólk sem er í almennum útreiðum geti auðkennt sig með í þeim tilvikum þegar um óvana er að ræða eða riðið er á lítt tömdum eða viðkvæmum hrossum á reiðgötum í þéttbýli.

Greinagerð

Mikilvægt er að forysta hestamanna hlutist til um almennar aðgerðir til að draga úr hættu á slysum í hestamennskunni. Flestir kannast við hversu óþægilegt það er ef riðið er hratt afturundir hrossið sem riðið er á eða gassalega riðið á móti hrossinu. Vitaskuld er meiri hættu á slíkum atvikum eftir því sem fleiri eru á reiðvegum og geta og tilgangur útreiðanna ólík.

Merki það sem hér um ræðir gæti verið borði sem lagður er yfir aðra öxlina og undir hinn handarkrikann. Hann yrði í áberandi lit og framleiddur í mismunandi lengdum.

Beri ríðandi maður slíkan borða er öðrum þeim sem um reiðvegina fara skylt að slá af ferð niður á fet þegar mest er og ríða venju fremur varlega framúr.

Stjórn LH tekur um það ákvörðun eftir að hönnun og reglusetningu varðandi þessa öryggisborða er lokið, hvort samtökin sjálf láti framleiða borðana eða feli það öðrum en borðarnir yrðu í öllum tilvikum seldir og keypti fólk það sem áhuga hefði á að hagnýta sér þá, borðana rétt eins og hvern annan reiðbúnað sinn.